

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrir-
mæli um framkvæmd laga þessara, þar með að gengismunarfé, sem til fellur á árinu
1978 samkvæmt lögum þessum, megi varðveita í ríkissjóði þar til því verður ráð-
stafað skv. 3. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 18. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

**um breyting á lögum nr. 3 12. apríl 1878, um skipti á
dánarbúum og félagsbúum o. fl.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

84. gr. laganna orðist svo:

Næstar kröfum skv. 82. og 83. gr. ganga að rétttri tiltölu við fjárhæð hverrar
kröfu:

1. Kröfur um laun og annað endurgjald fyrir vinnu í þjónustu hins látna, sem
fallið hafa í gjalddaga á síðustu 18 mánuðum fyrir andlátið.

2. Bótakröfur vegna slita á vinnusamningi eftir upphaf skipta eða á síðustu
18 mánuðum fyrir upphaf skipta.

3. Kröfur til orlofsfjár vegna launa, sem unnið hefur verið fyrir á orlofsárinu
fyrir upphaf skipta og á yfirstandandi orlofsári.

4. Gjöld til lífeyrissjóða, sjúkrasjóða, orlofsheimilassjóða og annarra slíkra
styrktarsjóða, sem vinnuveitendum ber að greiða skv. kjarasamningum eða lögum
og reiknuð eru sem hlutfallstala af kaupi launþega, fyrir sama tíma og í 1. tl. greinir.

5. Bætur til launþega eða maka þeirra og barna sem atvinnurekanda ber
að greiða vegna örorku eða dauðsfalls af völdum vinnuslysa sem orðið hafa á
síðustu 18 mánuðum fyrir upphaf skipta.

6. Kröfur skv. 1. til 5. tl. frá fyrri tíma en þar greinir, ef mál hefur verið höfðað
til heimtu þeirra innan 18 mánaða frá gjalddaga og dómur gengur á síðustu sex
mánuðum fyrir upphaf skipta eða síðar.

7. Kröfur í bú þeirra, sem hafa sem opinberir sýslunarmenn með sjálfstæða fé-
gæslu fengið í sínar vörslur fé annarra, enda sé um kröfu til slíks fjár að ræða.

8. Kröfur maka, fyrrverandi maka og barna til lífeyris og meðlags síðasta árið
fyrir upphaf skipta, enda séu greiðslur þessar ákveðnar með yfirvaldsúrskurði,
þar á meðal staðfestum skilnaðarsamningi, þær fái ekki greiddar frá Trygginga-

stofnun ríkisins og séu ekki ósanngjarnar miðað við aðstæður, þegar þær voru ákveðnar.

9. Sanngjörn þóknun eftir úrskurði skiptaráðanda fyrir störf unnin síðasta árið fyrir upphaf skipta vegna tilrauna til nauðasamninga eða frjálsra samninga, sem líklegir voru til að koma nýrri skipan á fjármál hins látna, svo og annar nauðsynlegur kostnaður við slíkar tilraunir.

2. gr.

4. gr. laga nr. 32 10. apríl 1974 falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 21. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 75 21. júní 1973, um Hæstarétt Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Hæstarétt skipa sjö dómarar. Forseti Íslands skipar hæstaréttardómara.

Dómarar Hæstaréttar kjósa sér forseta til tveggja ára og varaforseta til sama tíma. Varaforseti gegnir störfum forseta, þegar hann er forfallaður eða fjarstaddur. Hann skipar forsæti, þegar forseti situr eigi dóm. Ef hvorki forseti né varaforseti situr dóm, skal sá hæstaréttardómari, sem lengst hefur átt sæti í dóminum, skipa forsæti, en hafi tveir hæstaréttardómarar setið jafnlengi í dóminum, skal sá þeirra skipa forsæti, sem lengri hefur embættisaldur í heild.

2. gr.

2. gr. a laganna orðist svo:

Fimm dómarar skipa dóm, nema annan veg sé fyrir mælt. Í sérlega mikilvægum málum getur dómurinn ákveðið, að sjö dómarar sitji í dómi.

Í kærumálum sitja þrír dómarar, nema alveg sérstaklega standi á. Þrír dómarar geta enn fremur skipað dóm í einkamáli, ef úrslit máls varða eigi mikilvæga hagsmuni aðila að mati dómsins. Þrír dómarar geta skipað dóm í opinberu máli, ef refsing, sem við broti getur legið, er eigi þyngri en sektir, varðhald eða fangelsi allt að tveimur árum.

Dómurinn ákveður jafnan, hve margir dómarar skipi dóm og þá hverjir.

Ef mál er umfangsmikið, er dóminum heimilt að ákveða að hæstaréttardómari, sem eigi dæmir í því máli, hlýði á málflutning og taki sæti í dóminum, ef dómari forfallast.